

Vigfús Þór Hróbjartsson,  
Fulltrúi skipulags- og byggingarmála Mýrdals- og  
Skaftárhrepps  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. júní 2013  
Tilvísun: UST20130500033/ksj

### Lýsing. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi urðunarsvæðis á Stjórnarsandi, Skaftárhreppi.


Vísað er til erindis fulltrúa skipulags- og byggingarmála Mýrdals- og Skaftárhreppi er barst 7. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi urðunarsvæðis á Stjórnarsand, Skaftárhreppi. Urðunarstaðurinn á Stjórnarsandi er 4,7 ha að stærð og er staðsettur á spildu úr landi Breiðabólstaðar sem er norðaustan við þéttbýlið að Kirkjubæjarklaustri og um 300 m norðan flugbrautar á Stjórnarsandi. Tillaga að breyttu deiliskipulagi felur í sér er að í stað 52 tonna af ösku frá sorpbrennslu, er áætlað að urða 220 tonn af heimilissorpi.


Í lýsingu kemur fram að sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir urðun allt að 370 tonnum af úrgangi á ári. Umhverfisstofnun bendir á að förgunarstöðvar þar sem úrgangur er urðaður, er framkvæmd, skv. 11. gr. b í öðrum viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum, og ber framkvæmdaaðila að tilkynna Skipulagsstofnun um hana.

## Vatnafar

Í umfjöllun um vatnafar í lýsingu kemur fram að ekki er talin hættu á því að sigvatn valdi mikilli mengun, og að nægjanlega stórir viðtakar til þynningar á sigvatni séu til staðar í nágrenni urðunarstaðarins. Einnig kemur fram að þar sem sigvatn safnast undan urðunarstað verður það leitt um hriplag í olíu-/fitugildru, setþró og malar- eða mósíu, siturlögn eða annan jafngildan búnað. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvort vakta eigi áhrif sigvatns á umhverfið. Einnig bendir stofnunin á að ekki eru færð rök fyrir því með dæmum að þynning á sigvatni sé það mikil að ekki sé hættu á að um umtalsverða mengun verði að ræða.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

